



Sjálfbærniskýrsla 2022

Efnisyfirlit

	Inngangur	5	G	Stjórnarhættir	26
E	Umhverfi	6	G1	Kynjahlutfall í stjórn	26
E1	Losun gróðurhúsalofttegunda	7	G2	Óhæði stjórnar	26
E2	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	10	G3	Kaupaukar	26
E3	Orkunotkun	11	G4	Kjarasamningar	26
E4	Orkukræfni	13	G5	Siðareglur birgja	27
E5	Samsetning orku	14	G6	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	27
E6	Vatnsnotkun	15	G7	Persónuvernd	27
E7	Umhverfisstarfsemi	16	G8	Sjálfbæriskýrsla	27
E8	Loftslagseftirlit / stjórn	19	G9	Starfsvenjur við upplýsingagjöf	28
E9	Loftslagseftirlit / stjórnendur	20	G10	Gögn tekin út / sannreynd af ytri aðila	29
E10	Mildun loftslagsáhættu	21		ESG tafla ÍAV 2020–2021–2022	30
S	Félagslegir þættir	22			
S1	Launahlutfall framkvæmdarstjóra	22			
S2	Launamunur kynja	22			
S3	Starfsmannavelta	22			
S4	Kynjafjölbreytni	23			
S5	Hlutfall tímabundinna starfa	24			
S6	Aðgerðir gegn mismunun	24			
S7	Vinnuslysatiðni	24			
S8	Hnattræn heilsa og öryggi	25			
S9	Barna- og nauðungarvinna	25			
S10	Mannréttindi	25			

Töfluyfirlit		
Tafla E1	Losun gróðurhúsalofttegunda	9
Tafla E2	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	10
Tafla E3	Orkunotkun	11
Tafla E4	Orkukræfni	13
Tafla E5	Samsetning orku	14
Tafla E6	Vatnsnotkun	15
Tafla E7	Umhverfisstarfsemi	17

Myndayfirlit		
Mynd 1	Rafmagnsknúin Volvo beltagrafa ÍAV	7
Mynd 2	Úrgangsflokkar 2022	8
Mynd 3	Tæki í eigu og leigu ÍAV og þar af hlutfall rafmagnstækja	11
Mynd 4	Endurvinnsla og förgun 2020–2022	18
Mynd 5	Endurvinnsla, förgun og annað – úrgangsflokkar	23
Mynd 6	Kynjafjölbreytni milli ára	23
Mynd 7	Skipurit ÍAV árið 2023	23
Mynd 8	Slysagrunnur ÍAV	24
Mynd 9	Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	28
Mynd 10	Heimsmarkmið SP og ÍAV	28



Inngangur

Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) er einn stærsti og elsti verktaki landsins. Hjá fyrirtækinu starfa um 240 starfsmenn í verkefnum sem eru dreifð á höfuðborgarsvæðið sem og á landsbyggðinni. Verkefnin eru ólík eins og þau eru mörg og má þar nefna jarðvinnuverkefni, jarðgangnaverki, byggingarframkvæmdir, námugróftur sem og fjölda þjónustusamninga.

Verkefni sem ÍAV hefur tekið að sér í gegnum tíðina eru til dæmis: Harpa tónlistarhús, Óshlíðargöng, breikkun Reykjanesbrautar, Fangelsið Hólmsheiði, Stækkun Búrfellsvirkjunar og margt fleira.

ÍAV leggur mikla áherslu á kraft og framsækni í starfsfólki sínu og er slagorð ÍAV: færni, frumkvæði og fagmennska.

Skrifstofur	Námur
Skrifstofa Höfðabakka 9	Náma í Lambafelli
Skrifstofa Holtsgötu 49	Náma í Stapafelli
Skrifstofa og lager á Ásenda	Náma í Rauðamel

Á árinu 2022 var starfsemi ÍAV í grófum dráttum þessi:

Núverandi verkefni
Fullnaðar frágangur Landsbankans, Reykjastræti 6
Framkvæmdir á Keflavíkurlflugvelli fyrir NATO/NAVFAC
Stapaskóli – 2. áfangi
Knatthús Hauka
Maríugata 5–7 – íbúðabyggingar
Seðlabankinn – endurbætur og viðbygging
Ytri Hlíð – afþreyingarmiðstöð
Suðurlandsvegur – 2. áfangi
Dyjandisheiði – vegagerð
O.fl.


Þjónustuverkefni voru fjölmörg og má þar nefna nýtt kaffihús við Elliðaárstöð, þjónusta við íbúðir Félagsbústaða o.fl.

Íslenskir aðalverktakar hafa undanfarin ár sett meiri áherslu á rekstur verkefna með tilliti til umhverfismála. Árið 2019 hóf ÍAV að mæla losun frá verkefnum og frá 2020 hefur ÍAV haldið utan um losun allra verkstaða. Losun mælir sorp, olíu, rafmagn og heitavatnsnotkun. Árið 2021 var komið á fót rafrænu mælaborði sem nefnist Umhverfisvakinn og með því geta starfsmenn séð losun síns verkstaðar samanborin við annarra á myndrænu og skiljanlegu formi. Þessi innleiðing leiddi til aukins skilnings á losun hvers og eins verkefnis sem og ólíkri stöðu verkefna. Þessi upplýsingagjöf veitti tækifæri til umbóta og hugmyndir að aðgerðum til að draga úr orkunotkun.

Leið ÍAV til að draga úr losun við starfsemi sína er á framkvæmdina sjálfa. Hönnun, staðsetning og tímarammi er oftast fyrirfram ákveðinn af verkkaupa, sem og efnisval og útlit. Áhrif verktakans eru því að stuðla að orkuskiptum á vélum sínum, nýta efni sem best, velja fjölnota efni, flokka sorp og reka verkstaðinn á sem skilvirkastan hátt – með áherslu á að hvorki tími né efni fari til spillis.

Það er hægara sagt en gert og kallar á samspil margra, en fræðslan og umræðan er hafin og aðgerðir til að draga úr losun hafa verið framkvæmdar með góðum árangri líkt og sést í losunarbókhalda hér að neðan.

Umhverfisvegferð ÍAV



Mynd 1: Rafmagnsknúin
Volvo-beltaþrafa ÍAV



E1

Losun gróðurhúsalofttegunda GRI 305-1, 2, 3 UNGC 7 SDG 12, 13

Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum starfsemi ÍAV má sjá í töflu E1 hér að neðan. Þessi gögn eru tekin út frá eldsneytis, rafmagns og heitavatnsnotkun starfseminnar sem og gögnum um skil á úrgangi. Þessar upplýsingar hafa verið vaktaðar af félaginu síðan 2019. Hér að neðan verður farið yfir hvern flokk fyrir sig úr töflu E1.

Umfang 1

Umfang 1 er útblástur sem hlýst beint af starfsemi félagsins vegna framleiðslu eða faratækja. Þarna er eldsneytisnotkun og er hún að lækka um 26% milli ára 2021 og 2022. Helsta ástæðan er verkefnastaða fyrirtækisins sem og orkuskipti. Árið 2021 fjárfesti félagið í fyrstu rafmagnsknúnu gröfunni og fékk hana afhenta 2022. Sjá mynd 1 af gröfunni í sínu fyrsta verkefni að grafa fyrir hraðhleðslustöðvum. Grafan sem er 100% rafmagns er nú í mikilvægum reynslufasa hjá félaginu þar sem sníða þarf verkefni og aðstæður að henni.

Umfang 2

Hér undir telst öll losun vegna rafmagns- og varmaorku- notkunar. Það er rafmagns- og vatnsnotkun félagsins. Rafmagnsnotkun hækkar talsvert á milli ára og má það að einhverju leyti skýra út frá orkuskiptum véla sem félagið hefur staðið í. Þar má nefna fjölgun hleðslustöðva, fjölgun rafmagnsbíla sem og kaup á rafmagnsgröfunni sem var minnst á hér að ofan. Heitavatnsnotkun er mæld af félaginu og hefur sú mæling komið að góðum notum við hagræðingar. En í sambandi við kolefnislosun þá er losunarstuðull heita vatns núll á Íslandi, samkvæmt töflu Umhverfisstofnunar, og gildin því 0 í töflu E1.

Umfang 3

Varðandi umfang 3 er tekinn útblástur sem kemur af nátengdri starfsemi við fyrirtækið. Einskonar afleiðing af starfsemi fyrirtækisins. Þarna koma fram flugferðir starfsfólks, aðkeypt þjónusta og efni og úrgangur. Haldið er utan um flugferðir starfsfólks hjá fyrirtækinu og fer sú talandi vaxandi eftir að hafa verið nánast núll árið 2020 á tímum Covid. Að sama skapi er verkefnastaða að hafa mikil áhrif á þessa tölu þar sem verkefni út á landi hafa sett strik sitt í reikninginn og tíðar flugferðir starfsmanna til og frá verkstaða þar inni.


Undir aðkeypt þjónusta, þá hefur reynt erfitt að halda utan um það í verkefnum. En með aðgerðum sem voru innleiddar 2022 með stækkun innkaupadeildar hefur verið lögð meiri áhersla á sameiginleg innkaup verkefna í þeirri von að skýrari mynd náist á komandi árum um umfang og áhrif innkaupa á vegum félagsins.

Úrgangur er sérlega vel vaktaður af félaginu og markmið fyrirtækisins að lækka úrgangstölur. Árið 2020 var ráðist í allsherjar framkvæmdir og tiltekt á þjónustuvæði félagsins og má það útskýra þessar háu tölur árið 2020. Síðan þá hefur úrgangur lækkað talsvert og flokkunarhlutföll aukist. Helstu úrgangsflokkar fyrirtækisins árið 2022 má sjá á mynd 2. Þrír stærstu flokkarnir eru: Timbur, grófur úrgangur og steinefni. Timbur fellur til við; tíma-bundin handrið, umbúðir utan um lyftur og stærri einingar eru að koma í stórum timbur kössum, timburrekkar flytja mikið af vörum eins og gler og kerfisveggi, pallettur og svona má lengi telja. Þrátt fyrir þetta fer mikið af timbri í endurnotkun innan fyrirtækisins sem og er gefið áfram til aðila sem þess óska eftir. Má þar nefna fjárhús sem fáu á Suðurnesjunum árið 2022. Það var endurbyggt að stórum hluta til með timbri frá verkstöðum ÍAV. En þrátt fyrir þetta er timbur enn of stór partur af úrgangsflokkum okkar og er unnið að því að finna leiðir til að minnka þetta hlutfall.

Grófur úrgangur er gámur sem er óflokkaður og oft þarf ekki nema einn vörtein í timburgám til að gámur flokkist undir grófan úrgang. Þessi úrgangur er flokkaður á endurvinnslustöðvum og sett í réttan farveg. Engu að síður er kostnaðurinn við þennan flokk gífurlega hár og markmið fyrirtækisins að hafa þetta sem lægst.

Í töflu E1 má sjá að heildar kolefnislosun félagsins er að lækka milli árána 2021 og 2022 um 19%. Markmiðið er að lækka enn frekar á næsta ári en á móti er verkefna-staða félagsins að vænkast og því erfitt að miða aðeins út frá þessari tölu.

Mynd 2: Úrgangsflokkar 2022



Mótvægisaðgerðir sem félagið fór í á þessum árum eru ekki skráðar. En hér má nefna væntanlegt samstarf við Votlendissjóð sem stefnt er að árið 2023. Það felur í sér að endurheimta fjórar jarðir eða um 65 hektara. Það myndi skila um áætluðum 1267,5 tonnum af virkum kolefnisbindingum á ári.

		Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Umfang 1	Eldsneyti	tCO ₂ í	5.067	5.934	4.699	-21%
Umfang 2	Rafmagn	tCO ₂ í	5,6	11,8	69,6	487%
Umfang 2	Heitt vatn	tCO ₂ í	0	0	0	-
Umfang 3	Flugferðir	tCO ₂ í	1,1	3,1	15,8	416%
Umfang 3	Aðkeypt þjónusta og efni	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3	Úrgangur	tCO ₂ í	1.170	613	560	-9%
	Þar af endurvinnsla	tCO ₂ í	83	38	36	-5%
	Þar af förgun	tCO ₂ í	890	418	265	-37%
	Þar af annað	tCO ₂ í	198	157	259	65%
Samtals losun		tCO ₂ í	6.244	6.562	5.345	-19%
Mótvægisaðgerðir		tCO ₂ í	-	-	-	-

Tafla E1: Losun gróðurhúsalofttegunda

Losunarkræfni sýnir losun gróðurhúsalofttegunda frá félaginu miðað við helstu stærðir í rekstri félagsins. Úttaksstærðir eru tekjur, starfsmannafjöldi og eigið fé.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Losunarkræfni					
Losun gróðurhúsalofttegunda	tCO ₂ í	6.074	6.428	5.130	-20%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%
Losunarkræfni					
Losunarkræfni tekna	(tCO ₂ /millj. kr.)	0,40	0,45	0,31	-30%
Losunarkræfni starfsmanna	(tCO ₂ /stöðugildi)	23,54	28,07	23,21	-17%
Losunarkræfni eigin fjár	(tCO ₂ /millj. kr.)	3,97	4,98	3,74	-25%

Tafla E2: Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Orkunotkun ÍAV sýnir olíu, rafmagn og heitavatnsnotkun. Nánari upplýsingar um gögn frá töflu E3 má sjá hér að neðan.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Losun gróðurhúsa- lofttegunda	tCO ₂ í	6.074	6.428	5.130	-20%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%

Tafla E3: Orkunotkun

Olíunotkun er bein notkun vegna tækjafloða ÍAV sem eru í eigu og leigu félagsins. Ásamt því er þetta áfylling á olíutanka félagsins sem eru á verkstöðum og veita minni tækjum olíu. En ÍAV er með alls um 325 tæki í notkun, sjá mynd 3, og er þetta allt frá jarðvegsþjöppum upp í gröfur og bíla.

Á mynd 3 má sjá fjölda rafmagnsvæddra tækja með grænum sviga. Hlutfall rafvæddra tækja er nú komið 14% í eigu félagsins og 3% er í leigu félagsins. Unnið er að því að auka þessa % milli ára með aðgerðum sem stuðla að umhverfisvænum orkuskiptum.

	Eigu	Leigu	Alls
Jeppar	19	23	42
Sendibílar	25	14	39
Fólksflutningabílar	6	5	11
Fólksbílar	12 (1)	17 (2)	29
Vinnuflokkabílar	14	0	14
Tæki	163 (32)	27 (1)	190
Alls	239	86	325
Þar af rafmagnstæki	33	3	36
Hlutfall rafvæddra véla	14%	3%	11%

Mynd 3: Tæki í eigu og leigu ÍAV og þar af hlutfall rafmagnstækja

Rafmagnsnotkun félagsins er notkun rafmagns á vinnubúðum verkstaða, skrifstofum og rafvæddra véla í eigu félagsins. Aukin rafmagnsnotkun má rekja til stækkun rafmagnsflota fyrirtækisins. Þessi orkuskipti hafa leitt til uppsetningu hleðslustöðva við skrifstofur ÍAV sem og stærstu verkstaða.

En samhliða aukinni raforkunotkun hefur félagið innleitt orkusparandi aðgerðir til að draga úr rafmagnsnotkun og má þar nefna innleiðingu LED pera í allar starfsstöðvar og verkstaði, og hreyfiskynjara á öll almenn rými.

Heita vatnsnotkun er mjög sveiflukennd og fer eftir stöðu verkefna, stærð þeirra og veðri. En verkstaðir eru margir kynntir með heitavatsblásurum og því stærri verkstaðir því meira vatn eða því kaldari vetur því meira vatn.

Við mælingar á heita vatnsnotkun kom í ljós gífurlega mikil notkun heita vatns á nokkrum af stærstu verkstöðum ÍAV. Þá var gripið til þess ráðs að setja slaufur á heita vatnsinntakið og auka þar með nýtingu heita vatnsins. Þessi aðgerð var til mikillar hagræðingar bæði í nýtingu og rekstri.



E4

Orkukræfni
GRI 302-3 UNGC 7,8 SDG 12, 13

Orkukræfni er skilgreind sem orkuþörf á hverja einingu sem notuð er. Í töflu E4 má sjá orkukræfni tekna, starfsmanna og eigin fjár. Hún fer lækkandi milli ára.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Rekstrarþættir					
Bein notkun	kWst	13.091.092	15.310.008	12.122.537	-21%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé í millj. ISK	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%
Orkukræfni					
Orkukræfni tekna	(kWst/millj. kr.)	855,96	1.061,45	736,13	-31%
Orkukræfni starfsmanna	(kWst/stöðugildi)	50.740,67	66.855,93	54,853,11	-18%
Orkukræfni eigin fjár	(kWst/millj. kr.)	8.533,75	11.862,55	8.844,21	-25%

Tafla E4: Orkukræfni

E5

Samsetning orku GRI 302-1 UNGC SDG 7

Í töflu E5 má sjá samsetningu orku og langstærsti hluti orku kemur frá olíu. Þetta hlutfall lækkar þó um 32% milli ára og er von á að sama lækkun haldi áfram á komandi árum með auknum orkuskiptum félagsins.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Heildarorkunotkun	kWst	13.713.021	16.532.033	19.365.322	17%
Jarðefnaeldsneyti	%	95%	93%	63%	-32%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	5%	7%	37%	406%
Þar af rafmagn	%	4%	7%	36%	391%
Þar af heitt vatn	%	0%	0%	1%	1769%

Tafla E 5: Samsetning orku

E6

Vatnsnotkun GRI 303-5 UNGC SDG 6, 12

Við mælingar á vatnsnotkun er aðeins mælt heita vatnið. Losunarstuðull á því er 0 skv. umhverfisstofnun.

Magn rúmmetra er gífurlega misjafn milli ára og má það nefna helst vegna verkefnastöðu á viðkomandi ári. En fyrirtækið var með stór verkefni sem þurfti að kynda lengi og veturinn var kaldur og langur. Gripið var til aðgerða til að draga úr notkun heita vatns og skilar það sér vonandi inn í tölurnar fyrir árið 2023.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Kalt vatn	m ³	-	-	-	-
Heitt vatn	m ³	184.038	45.757	1.001.555	2089%
Heildarvatnsnotkun	m ³	184.038	45.757	1.001.555	2089%
Endurunnið vatn	m ³	-	-	-	-
Endurheimt vatn	m ³	-	-	-	-

Tafla E6: Vatnsnotkun

Umhverfisstefnu ÍAV má finna á heimasíðu félagsins. Þar má sjá stefnu og markmið sem félagið hefur sett sér fyrir árið 2023.

Markmið ÍAV er að draga úr heildarmagni sorps og auka endurvinnsluhlutfall. Að mati ÍAV er það mikilvægasta áskorunin að draga úr öllu sorpi sem fellur til með aukinni nýtingu og skilvirkni og breyttum aðferðum í innkaupum. Má þar nefna umbúðalausar pakkningar og uppmældar gifseiningar. Það sorp sem fellur til þarf að breyta í efni sem er notað aftur og er það von ÍAV að með nýsköpun og frumkvæði að leiðarljósi verði hægt að gera enn betur í þessum málum.

Undanfarin ár hefur ÍAV átt í samstarfi við endursöluaðila og hönnuði sem hafa ýmist selt eða notað „sorp“ í hönnun sína. Virkilega skemmtileg og fjölbreytt samstörf sem hafa dregið úr sorpi og skilað aukinni endurnýtingu.

Enn meira er hægt að gera áfram í þessum málum og finna fastari farveg fyrir sorpið. Er það von ÍAV að þessi farvegur finnist hér innanlands. Má þar nefna:

- Pallettur séu settar í verð og betur endurnýttar.
- Endurvinnslufarvegur fyrir steinull sé komið á fót innanlands.
- Umbúðir verði fjölnota í magnkaupum a.m.k. til að byrja með.
- Umbúðir verði á ábyrgð framleiðanda að farga


Í töflu E7 má sjá úrgangstölur og á mynd 4 má sjá endurvinnsluhlutfallið aukast milli ára og fara úr 37% í 40% árið 2022. Að sama skapi eykst flokkurinn annað og fer úr 11% upp í 30%. Flokkurinn annað er flókinn þar sem hann er stundum í endurvinnslu og stundum í förgun. Ferð það eftir hvar verkefni eru á landinu og farveginum sem er í boði. Stór hluti þessa flokks er þó að mestu endurnýttur og endurvinnsluhlutfallið því nær 60–70%.

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Heildarmagn úrgangs	kg	1.325.618	666.703	668.885	0%
Þar af endurvinnsla	kg	488.405	223.017	265.898	19%
Þar af förgun	kg	685.212	322.676	203.827	-37%
Þar af annað	kg	152.001	121.010	199.160	65%
Losun úrgangs	tCO₂	1.170	613	560	-9%
Þar af endurvinnsla	tCO ₂	83	38	36	-5%
Þar af förgun	tCO ₂	890	418	265	-37%
Þar af annað	tCO ₂	198	157	259	65%
Flokkunarhlutfall					
Endurvinnsla	%	37%	33%	40%	19%
Förgun	%	52%	48%	30%	-37%
Annað	%	11%	18%	30%	64%

Tafla E7: Umhverfisstarfsemi

Þarna sést skýrt að aukin upplýsingagjöf, fræðsla og umræða hefur skilað sér út til verka. Umhverfissvaki ÍAV hefur skilað stóru hlutverki í að miðla upplýsingum út á verkin og sýna raunstöðu hverju sinni. Markmiðið er að ná 90% endurvinnsluhlutfalli heilt yfir félagið. Að stefna að 100% endurvinnsluhlutfalli er ekki raunhæft eins og staðan er núna þar sem ekki er til farvegur fyrir allt sorp.





Endurvinnsla

Endurvinnsluefni	Orkunýting	Raftæki
Bylgjupappi	Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu	Stór raftæki
Frauðplast	Plast til orkuvinnslu	Lítill raftæki
Grænt efni		Rafeindabúnaður
Gæðapappír		
Hreint timbur		
Lífrænn úrgangur		
Málmar		
Plastumbúðir – hart plast		
Trúnaðarskjöl		

Förgun

Förgun	Spilliefni
Almennt sorp	Olíumálning
Garðúrgangur – blandaður	Asbest
Gifs	Rafhlöður
Grófur úrgangur	Spilliefni
Gúmmiúrgangur	Kítti og sparsl
Ristarúrgangur	Leysiefni
Óflokkaður úrgangur	Úrgangsolía í smálátum

Yleiningar

Annað

Annað

Jarðvegur

Litað timbur

Múrbrot

Steinefni

Mynd 5: Endurvinnsla, förgun og annað – yfirflokkar

Framkvæmdastjórn ÍAV er meðvituð um loftslagsvána og vilja stuðla að minnkun kolefnisfótspors fyrirtækisins. Í þeim tilgangi hefur verið gripið til nokkurra aðgerða líkt og listað hefur verið að ofan.

Fyrsta rafmagnsgrafan var tekin í notkun, fylgst er náið með þróun tækja og vinnuvéla í orkuskiptum, flokkun hefur stóraukist á verkstöðum, herferð gegn lausagöngu véla hefur verið í gangi í fyrirtækinu með góðum árangri. Að sama skapi hefur fyrirtækið verið að bæta aðstöðu hleðslustöðva á höfuðstöðvum í Reykjavík og Keflavík sem og á stærstu verkefnum.

Félagið hefur að sama skapi skrifað undir samning og hafið vinnu við innleiðingu á ISO 14001:2015 vottun. Stefnt er að því að ná þeirri vottun árið 2023.

Krafa verkkaupa er sífelld meiri á umhverfismál og er stjórn fyrirtækisins vel meðvituð um að til að halda í við þróun um auknar umhverfiskröfur verkkaupa þarf floti fyrirtækisins að færast nær orkuskiptum.


Önnur verkefni til að minnka kolefnislosun má nefna samstarf við Votlendissjóð þar sem unnið er að því að endurheimta votlendi á Suðurlandi. Það samstarf er enn í vinnslu og því ekki hægt að tilgreina nánar fyrr en virkar kolefniseiningar hafa náðst og mun þá fyrirtækið taka það inn í sína útreikninga.

Árið 2022 var nýtt starfsgildi tekið í notkun, umhverfisstjóri. Að sama skapi var ákveðið að aðskilja gæða-öryggis- og umhverfisráð í tvö ráð. Gæðaráð og öryggis- og umhverfisráð. Þetta eru þrír viðamiklir flokkar sem þarf að halda vel utan um. Til að nýta fundartíma sem best og gefa öryggis- og umhverfismálum meira vægi var ákveðið að skipta þessu svona. Öryggis- og umhverfisráð er skipað umhverfisstjóra, framkvæmdarstjóra og gæðastjóra fyrirtækisins. Reglulegir fundir eru haldnir á hverjum ársfjórðungi og eftir aðstæðum/tilefni.



Dæmi um aðgerðir til að milda loftslagsáhættu hafa verið að taka upp vinnubrögð sem samræmast BREEAM-verkefnum í öllum verkefnum félagsins, hvort sem þau eru umhverfsvottuð eða ekki. Þetta felur í sér að öll losun er mæld sem og einblínt er á umhverfsvæn innkaup.

Mikil fjölgun hefur orðið á umhverfsvottuðum verkefnum í framkvæmdum félagsins og hefur það kallað á aukna fræðslu til verkefnastjóra og innkaupastjóra. Þetta hefur smitað frá sér til allra starfsmanna fyrirtækisins og leitt til þess að í öllum innkaupum er einblínt á að kaupa vistvæna og umhverfsvæna vöru. Til að auðvelda kaup á umhverfsvænum vörum þá hefur tekin fræðsla um umhverfsvænar merkingar. Dæmi um merkingar sem starfsmenn leita eftir eru:



Íslenskir aðaverktakar hf. hafa að auki átt samtalið við Votlendissjóð um aðkomu að gerð endurgerð votlendis. Það samtali á sér enn stað og von á að farið verði í framkvæmd um mitt ár 2023.

S1

Launahlutfall framkvæmdarstjóra
GRI 102-38 UNGC 6 SDG

Laun forstjóra eru ákveðin af stjórn félagsins. Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi er 4,04.

Þetta hlutfall hefur ekki verið sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf.

S2

Launamunur kynja
GRI 405-2 UNGC 6 SDG 5

Hjá ÍAV störfuðu í árslok 2022 alls 22 konur og 251 karlar. Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna er 1,05. Launagreining sýndi fram á að launamunur kynja sé konum í vil. Launagreiningin miðast út frá ákveðnum matsþáttum. Út frá þessum matsþáttum eru konur að skora hærra þar sem þær eru færri og í sérhæfðari störfum. Það eru fáar konur í iðnaðar- og verkamannastörfum sem skekkir samanburðinn.

S3


Starfsmannavelta
GRI 401-1b UNGC 6 SDG

Starfsmannavelta ársins 2022 var 27%. Starfsmannavelta er há og má skýra út af eðli og stærð verkefni hjá félaginu.

Starfsmannavelta starfsmanna í hlutastarfi var 0,3% en aðeins eru 3 starfsmenn í hlutastarfi hjá félaginu.

Engir ráðgjafar né verktakar starfa hjá ÍAV.


Árið 2022 voru 273 starfsmenn, þar af 22 konur (8%) og 251 karlar (92%). Sjá mynd 6 af dreifingu kynja milli ára. Konum fer fjölgandi í fyrirtækinu milli ára og er vonir bundnar að sú þróun haldist áfram.



Mynd 6: Kynjafjölbreytni milli ára

Kynjahlutfall í byrjunarstörfum árið 2022 var 2,5% konur á móti 97,5% karlar.

Í framkvæmdarstjórn eru 5 einstaklingar og allir karlmenn. Forstjóri félagsins er karlmaður. Í skipuriti félagsins, á mynd 7, má sjá helstu stjórnendur og þar eru tvær konur í stöðu mannauðsstjóra og umhverfisstjóra. Það telur 20% hlutfall kvenna ef horft er á skipuritið.



Mynd 7: Skipuriti ÍAV árið 2023

S5

Hlutfall tímabundinna starfa
GRI 102-8 UNGC 6 SDG

Alls eru þrír starfsmenn á skrifstofu félagsins sem starfa í hlutastarfi eða 1,1%. Almennt er þó stefnan að starfsfólk félagsins er ráðið inn í 100% starf.

Í verktöku eða ráðgjöf er enginn starfsmaður.

S6

Aðgerðir gegn mismunun
GRI 103-2 UNGC 6 SDG


Félagið leggur mikla áherslu á að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri til þróunar í starfi og mismunun á grundvelli þjóðernis, kyns, kynþáttar, kynhneigðar eða fötlunar ekki liðin. Í stefnu ÍAV gegn kynferðislegri áreitni eða einelti er tekið fram að fyrirtækið tekur af fullri ábyrgð á þeim málum. Áhersla er lögð á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi.

S7

Vinnuslysatiðni
GRI 403-9 UNGC SDG 3

Í Slysagrunninn eru skráð hættuleg atvik, tjón og slys sem verða hjá ÍAV og undirverktökum. Verkstjórar tilkynna atvik í gegnum Procure eða eyðublað nr. 5-E32-0130 til mannauðssviðs sem áframsendir tilkynningarnar til Vinnueftirlits og Slysatriygginga eftir þörfum. Öryggisstjóri heldur utan um upplýsingarnar, greinir þær eftir þörfum og bregst við ef þurfa þykir. Upplýsingarnar eru kynntar í öryggisráði og á starfsmannafundum.

Hér að neðan má sjá slysatiðni síðastliðinna 3 ára hjá félaginu og hvers eðlis áverkinn var. Geta má þess að 15 slysanna eru fyrstu hjálpar slys en eitt þeirra er fjarveruslys.



Mynd 8: Slysagrunnur ÍAV

S8

Hnattræn heilsa og öryggi
GRI 103-2 UNGC SDG 3

Kjarninn í starfsemi ÍAV er starfsfólk félagsins. Því er ÍAV umhugað um að starfsfólki líði vel og finni að gætt sé að heilsu þess og öryggi í starfi.

Til að stuðla að heilsu starfsmanna býður félagið upp á, líkamsræktaraðstaða í höfuðstöðvum ÍAV, líkamsræktartími með kennara tvisvar í viku, félagið tekur þátt í áttakinu „Hjólað í vinnuna“ með tilheyrandi aðstöðu og stuðningi til hjólreiðariðkunar, auk þess eru árlegar bólusetningar gegn influensu í boði fyrir starfsmenn.

Öryggi starfsmanna er gífurlega mikilvægt í verktaka-starfsemi. Til að tryggja það þá eru allir starfsmenn búnir öryggisfatnaði. Að auki sitja starfsmenn öryggisnámskeið og innri úttektir eru framkvæmdar á verkstöðum til að tryggja öryggi starfsmanna.

S9

Barna- og nauðungarvinna
GRI 103-2 UNGC 4, 5 SDG 8

Í stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð má finna stefnu þar sem lögð er áhersla á að ÍAV fari að lögum og reglum þegar kemur að barnaþrælkun og nauðungarvinnu barna og ungmenna. Stefnan nær til birgja og seljenda og er leitað eftir að starfa með samfélagslega ábyrgum samstarfsaðilum.

S10

Mannréttindi
GRI 103-2 UNGC 1,2 SDG 4, 10, 16

Félagið skuldbindur sig til að virða mannréttindi starfsfólks. Í stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð má finna mannréttindastefnu sem skuldbindur félagið að virða mannréttindi allra til félagafrelsis og til kjarasamninga. Eins að allar manneskjur óháð kyni, þjóðerni og búsetu eigi að njóta mannréttinda án mismunar.

Stefnan nær til birgja og seljanda í svokallaðri keðjuábyrgð félagsins.

G1

Kynjahlutfall í stjórn
GRI 405-1 UNGC SDG 5, 10

Í stjórn Íslenskra aðalverktaka hf. situr ein kona og tveir karlmenn. Stjórn Íslenskra aðalverktaka hf. uppfyllir því skilyrði 1. Mgr. 63. Gr. Laga um hlutafélög nr. 2/1995 um kynjahlutföll. Frekari upplýsingar um stjórn er að finna á heimasíðu félagsins.

Í framkvæmdarstjórn ÍAV sitja fimm karlmenn. Þóroddur Ottesen forstjóri og þeir Kristján Arinbjarnar, Einar Hrafn Hjálmarsson, Valur Hreggviðsson og Ásbjörn Guðmundsson.

Framkvæmdastjórn

Þóroddur Ottesen
Forstjóri

Valur Hreggviðsson
Mannvirkjagerð

Einar H. Hjálmarsson
Jarðvinna

Kristján Arinbjarnar
Tækni & þjónusta

Ásbjörn Guðmundsson
Fjármál

Hlutfall kvenna í formennsku nefnda er óþekkt.

G2

Óhæði stjórnar
GRI 102-23 UNGC 7,8 SDG 12, 13

Forstjóri félagsins situr ekki í stjórn þess. Allir stjórnarmenn Íslenskra aðalverktaka hf. eru óháðir félaginu.

G3

Kaupaukar
GRI 102-35 UNGC SDG

Engir kaupaukar hafa verið gerðir af félaginu.

G4

Kjarasamningar
GRI 102-41 UNGC 3 SDG 8

Í stefnu ÍAV varðandi samfélagslega ábyrgð er tekið fram að félagið virðir félagafrelsi og kjarasamninga. Allir starfsmenn félagsins skrifa undir ráðningarsamning og því hlutfallið hér 100%.

G5

Siðareglur birgja
GRI 102-16, 103-2 UNGC 2, 3, 4, 8 SDG 12

Á heimasíðu Íslenskra aðalverktaka má finna siðareglur ÍAV fyrir bæði starfsmenn og samstarfsaðila. Samstarfsaðilar geta verið birgjar í þessu samhengi.

Þar kemur fram að halda skal í heiðri gildum ÍAV sem eru færni, frumkvæði og fagmennska. Að sama skapi kemur fram samfélagsábyrgð um að vernda náttúru landsins, tryggja nýtingu efna, virða mannréttindi, félagafrelsi og kjarasamninga.

ÍAV hefur innleitt birgjamat í gæðakerfið sitt til að tryggja gagnsæi og upplýsingaflæði á ólíkum birgjum innan félagsins. Með þessu nær félagið að skila reynslu og orðspori ólíkra birgja áfram til annarra starfsmanna og halda þannig á lofti gildum og siðareglum félagsins.

Seljendum ber ekki formlega að fylgja siðareglum félagsins og er þetta hlutfall því 0% varðandi formlega staðfestingu. Breyting er að vænta í þeim málum með breyttu samningaformi til birgja og seljenda.

G6

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
GRI 102-16, 103-2 UNGC 10 SDG 16

Í siðareglum félagsins er lögð áhersla á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu. Í ráðningarsamning kveður á um að starfsmaður haldi heilindum sínum í starfi og kvitta allir starfsmenn á þann samning við ráðningu. Þetta hlutfall er því 100%.

G7

Persónuvernd
GRI 418 UNGC SDG

Á heimasíðu Íslenskra aðalverktaka má finna persónuverndarstefnu ÍAV. Þar segir að Íslenskir aðalverktakar hf. hafi einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Persónuverndarstefnan nær til viðskiptavina, birgja sem og vinnslu félagsins á upplýsingum verktaka.

Fyrirtækið fylgir GDPR reglum á þeim grundvelli að það er með persónuverndarstefnu, hefur yfirsýn yfir meðferð persónuupplýsinga og tryggja vernd þeirra í hugbúnaði og upplýsingakerfi félagsins.

G8

Sjálfbæriskýrsla
GRI UNGC 8 SDG

Sjálfbæriskýrsla Íslenskra aðalverktaka hf. er birt í fyrsta skipti núna árið 2023. Skýrslan byggir á gögnum frá 2020, 2021 og 2022. Skýrslan er byggð á fyrirmynd leiðbeininga frá Nasdaq og skiptist upp í þrjá þætti, umhverfi, félagslegir og stjórnarhættir.

Stefnt er að því að félagið gefi út sjálfbæriskýrslu árlega samhliða ársreikningi félagsins.

ÍAV gefur úr árlega ársuppgjör og nú í fyrsta skipti sjálfbæriskýrslu. Sjálfbæriskýrsla ÍAV verður birt á heimasíðu ÍAV þar sem allir hafa aðgengi að henni. Sjálfbæriskýrsla ÍAV byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq.

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun eru undirstaða ÍAV í að verða samfélagslega ábyrg. Helstu aðgerðir sem ÍAV er að einblína á og innleiða hjá sér sem lið að sjálfbærri þróun má sjá á mynd 10 hér að neðan:

Mynd 9: Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna



Heimsmarkmið

Aðgerðir ÍAV



Boðið upp á bólusetningar gegn influensu
Hjólað í vinnuna. ÍAV tekur þátt á hverju ári með góðum árangri
Líkamsræktaraðstaða í boði á skrifstofum ÍAV. Þjálfari mætir tvisvar í viku
Starfsmannafélagið skipuleggur göngu einu sinni á ári



Jafnlaunavottun
Kynjaskipt salerni á verkstöðum
Jafnréttisstefna



ÍAV vinnur markvisst að því að draga úr sóun með bættri nýtingu efnis
ÍAV leggur áherslu á að velja umhverfisvottaðar vörur umfram aðrar
ÍAV leggur áherslu á að versla við birgja sem eru umhverfislega ábyrgir
ÍAV leggur áherslu á að samnýta flutninga á vörum til hagræða



ÍAV er markvisst að draga úr losun við starfsemi sína
ÍAV vill vera fyrirmynd og leiðandi á sviði byggingariðnaðarins

Mynd 10: Heimsmarkmið SP og ÍAV

Sjálfbærnisráðgjafi ÍAV var gerð eftir leiðbeiningum frá Nasdaq og byggð á gögnum frá þjónustuaðilum ÍAV. Leitast var eftir að hafa sem mesta gegnsæi í gerð skýrslunnar og mögulegt var. Gögn til stuðnings má finna á heimasíðu ÍAV sem og innra vef starfsmanna ÍAV þar sem umhverfissvakinn er að finna.

Ekki var framkvæmd úttekt á upplýsingum og gögnum sem koma fram í sjálfbærnisráðgjafi.



ESG tafla ÍAV 2020–2022



E1

Losun gróðurhúsalofttegunda
GRI 305-1, 2, 3 UNGC 7 SDG 12, 13

		Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Umfang 1	Eldsneyti	tCO ₂ í	5.067	5.934	4.699	-21%
Umfang 2	Rafmagn	tCO ₂ í	5,6	11,8	69,6	487%
Umfang 2	Heitt vatn	tCO ₂ í	0	0	0	-
Umfang 3	Flugferðir	tCO ₂ í	1,1	3,1	15,8	416%
Umfang 3	Aðkeypt þjónusta og efni	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3	Úrgangur	tCO ₂ í	1.170	613	560	-9%
	Þar af endurvinnsla	tCO ₂ í	83	38	36	-5%
	Þar af förgun	tCO ₂ í	890	418	265	-37%
	Þar af annað	tCO ₂ í	198	157	259	65%
Samtals losun		tCO ₂ í	6.244	6.562	5.345	-19%
Mótvægisáðgerðir		tCO ₂ í	-	-	-	-

E2

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda
GRI 305-4 UNGC 7,8 SDG 12, 13

Rekstrarþættir	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Losun gróðurhúsalofttegunda	tCo ₂ í	6.074	6.428	5.130	-20%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%
Losunarkræfni					
Losunarkræfni tekna	(tCo ₂ /millj. kr.)	0,40	0,45	0,31	-30%
Losunarkræfni starfsmanna	(tCo ₂ /stöðugildi)	23,54	28,07	23,21	-17%
Losunarkræfni eigin fjár	(tCo ₂ /millj. kr.)	3,97	4,98	3,74	-25%

E3

Orkunotkun
GRI 302-1 UNGC 7,8 SDG 12, 13

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Losun gróðurhúsa- lofttegunda	tCo2í	6.074	6.428	5.130	-20%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%

E4

Orkukræfni
GRI 302-3 UNGC 7,8 SDG 12, 13

Rekstrarþættir	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Orkukræfni					
Bein notkun	kWst	13.091.092	15.310.008	12.122.537	-21%
Tekjur	milljón kr.	15.294	14.424	16.468	14%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	258	229	221	-3%
Eigið fé í millj. ISK	milljón kr.	1.530	1.291	1.371	6%
Orkukræfni					
Orkukræfni tekna	(kWst/millj. kr.)	855,96	1.061,45	736,13	-31%
Orkukræfni starfsmanna	(kWst/stöðugildi)	50.740,67	66.855,93	54.853,11	-18%
Orkukræfni eigin fjár	(kWst/millj. kr.)	8.533,75	11.862,55	8.844,21	-25%

E5

Samsetning orku
GRI 302-1 UNGC SDG 7

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Heildarorkunotkun	kWst	13.713.021	16.532.033	19.365.322	17%
Jarðefnaeldsneyti	%	95%	93%	63%	-32%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	5%	7%	37%	406%
Þar af rafmagn	%	4%	7%	36%	391%
Þar af heitt vatn	%	0%	0%	1%	1769%

E6

Vatnsnotkun
GRI 303-5 UNGC SDG 6, 12

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Kalt vatn	m3	-	-	-	-
Heitt vatn	m3	184.038	45.757	1.001.555	2089%
Heildarvatnsnotkun	m3	184.038	45.757	1.001.555	2089%
Endurrunnið vatn	m3	-	-	-	-
Endurheimt vatn	m3	-	-	-	-

E7

Umhverfisstarfsemi
GRI 103-2 UNGC SDG 12

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Heildarmagn úrgangs	kg	1.325.618	666.703	668.885	0%
Þar af endurvinnsla	kg	488.405	223.017	265.898	19%
Þar af förgun	kg	685.212	322.676	203.827	-37%
Þar af annað	kg	152.001	121.010	199.160	65%
Losun úrgangs	tCO2	1.170	613	560	-9%
Þar af endurvinnsla	tCO2	83	38	36	-5%
Þar af förgun	tCO2	890	418	265	-37%
Þar af annað	tCO2	198	157	259	65%
Flokkunarhlutfall					
Endurvinnsla	%	37%	33%	40%	19%
Förgun	%	52%	48%	30%	-37%
Annað	%	11%	18%	30%	64%

Flugferðir starfsmanna

	Einingar	2020	2021	2022	Breyting
Fjöldi flugerða	Fjöldi	2	44	170	74%
Þar af innanlands	Fjöldi	0	44	155	72%
Þar af utanlands	Fjöldi	2	0	15	100%
Heildar kolefnislosun	Tonn CO2	1,10	3,05	15,77	81%
Þar af innanlands	Tonn CO2	0,00	3,05	10,67	71%
Þar af erlendis	Tonn CO2	1,10	0,00	5,10	100%

Tekið af vef Icelandair, www.icelandair.com/is/um-okkur/kolefnisjafna

E8

Loftslagseftirlit/stjórn
GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 UNGC SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Hefur stjórn fyrirtækis eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

E9

Loftslagseftirlit/stjórnendur
GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 UNGC SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslags-tengdum innviðum, seiglu og vörubrún	Þúsund ISK	-	-	-

	Einingar	2020	2021	2022
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslags- tengdum innviðum, seiglu og vörupróun	Þúsund ISK	-	-	-

S1

Launahlutfall framkvæmdarstjóra
GRI 102-38 UNGC 6 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Laun og bónusgreiðslur forstjóra sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	3,23	3,93	4,04
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

S2

Launamunur kynja
GRI 405-2 UNGC 6 SDG 5

	Einingar	2020	2021	2022
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,06	1,08	1,05
Niðurstaða jafnlaunavottunar %		2,80%	3,30%	2,1%

S3

Starfsmannavelta
GRI 401-1b UNGC 6 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	24,7%	27,4%	27,0%
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	0,0%	0,3%	0,3%
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-

S4

Kynjafjölbreytni
GRI 102-8, 405-1 UNGC 6 SDG 5

	Einingar	2020	2021	2022
Starfsmannafjöldi – heild	Fjöldi	279	268	251
Þar af konur	Fjöldi	18	20	22
Þar af karlar	Fjöldi	261	248	229
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	6%	7%	9%
Annað/almennt starfsfólk	Fjöldi	240	224	228
Þar af konur	Fjöldi	13	13	15
Þar af karlar	Fjöldi	227	211	213
Hlutfall kvenna, annað starfsfólk	%	5%	6%	7%
Framkvæmdarstjórn	Fjöldi	5	5	5
Þar af konur	Fjöldi	0	0	0
Þar af karlar	Fjöldi	5	5	5
Hlutfall kvenna í framkvæmdarstjórn	%	0%	0%	0%

S5

Hlutfall tímabundinna starfa
GRI 102-8 UNGC 6 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Heildar stöðugildi	fjöldi	21	39	3
Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi	%	7,53%	7,84%	8,37%
Hlutfall verktaka og/eða ráðgjafa	%	–	–	–

S6

Aðgerðir gegn mismunun
GRI 103-2 UNGC 6 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Fylgir fyrirtækið stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já/nei	Já	Já	Já

S7

Vinnuslysatiðni
GRI 403-9 UNGC SDG 3

	Einingar	2020	2021	2022
Fjarveruslys	Fjöldi	15	6	1
Þar af starfsmenn ÍAV	Fjöldi	13	6	1
Þar af starfsmenn undirverktaka	Fjöldi	2	0	0
Slys án fjarveru	Fjöldi	9	1	15
Þar af starfsmenn ÍAV	Fjöldi	9	1	10
Þar af starfsmenn undirverktaka	Fjöldi	0	0	5
Fjöldi banaslysa	Fjöldi	0	0	0

S8

Hnattræn heilsa og öryggi
GRI 103-2 UNGC SDG 3

	Einingar	2020	2021	2022
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt starfstengdri heilsustefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	Já/nei	Já	Já	Já

S9

Barna- og nauðungarvinna
GRI 103-2 UNGC 4, 5 SDG 8

	Einingar	2020	2021	2022
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	Já/nei	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	Já/nei	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og undirverktaka?	Já/nei	Já	Já	Já

S10

Mannréttindi
GRI 103-2 UNGC 1,2 SDG 4, 10, 16

	Einingar	2020	2021	2022
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttinda-stefnu?	Já/nei	Já	Já	Já
Ef já, nær mannréttinda-stefnan til birgja og undirverktaka?	Já/nei	Já	Já	Já

G1

Kynjahlutfall í stjórn
GRI 405-1 UNGC SDG 5, 10

	Einingar	2020	2021	2022
Fjöldi í stjórn	Fjöldi	3	3	3
Hlutfall kvenkyns stjórnar- meðlima	%	33%	33%	33%
Fjöldi í nefndum	Fjöldi	5	10	10
Hlutfall kvenkyns nefndar- formanna	%	0%	10%	10%

G2

Óhæði stjórnar
GRI 102-23 UNGC 7,8 SDG 12, 13

	Einingar	2020	2021	2022
Bannar fyrirtækið framkvæmdarstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/nei	Já	Já	Já
Fjöldi stjórnarformanna	Fjöldi	3	3	3
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	67%	67%	67%

G3

Kaupaukar
GRI 102-35 UNGC SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Fá framkvæmdarstjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálf- bærni?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

G4

Kjarasamningar
GRI 102-41 UNGC 3 SDG 8

	Einingar	2020	2021	2022
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%

G5

Siðareglur birgja
GRI 102-16, 103-2 UNGC 2, 3, 4, 8 SDG 12

	Einingar	2020	2021	2022
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	Já/nei	Nei	Nei	Nei
Hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglum?	%	–	–	–

G6

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
GRI 102-16, 103-2 UNGC 10 SDG 16

	Einingar	2020	2021	2022
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/nei	Nei	Já	Já
Hlutfall starfsmanna sem hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni	%	0%	0%	0%

G7

Persónuvernd
GRI 418 UNGC SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	Já/nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið hafist handa við að fylgja GDPR-reglum?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

G8

Sjálfbæriskýrsla GRI UNGC 8 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Birtir félagið sjálfbærni- skýrslu?	Já/nei	Nei	Nei	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

G9

Starfsvenjur við upplýsingagjöf GRI UNGC 8 SDG 17

	Einingar	2020	2021	2022
Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viður- kenndra aðila með skipu- lögðum hætti?	Já/nei	Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtækið áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?	Já/nei	Nei	Nei	Já
Setur fyrirtækið markmið og gefur skýrslu um fram- vindu heimsmarkmiða SP?	Já/nei	Nei	Nei	Nei

G10

Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila GRI 102-56 UNGC 8 SDG

	Einingar	2020	2021	2022
Er upplýsingagjöf um sjálf- bærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	Já/nei	Nei	Nei	Nei



